

Fundargerð

173. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðviku-
daginn 6. maí 2015, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar og ákveðið að bæta í fundargerðina umfjöllun fundarins varðandi fráveitu sem þjónar sumarhúsa hverfi við Kjarnaskógi við Akureyri og fundargerð samþykkt með þessum fyrirvara.**
2. **Niðurstöður úr sjósýnatökum við Akureyri; samantekt gerlamælinga; kynning.**

María Markúsdóttir kynnti niðurstöður gerlamælinga í sjó við strandlengju Akureyrarbæjar og var ákveðið að taka sýni á ½ mánaðar fresti í sumar við aðstöðu siglingaklúbbsins Nökkva og birta niðurstöður fyrir starfsfólki og viðskiptavinum klúbbsins. Einnig var ákveðið að setja upp aðvörunarskilti við Sílabás norðan við Sandgerðisbót vegna hættu á skólpmengun frá aðal skólþútrás Akureyrarbæjar.

3. **Úrskurður í máli nr. 96/2013, þ.e. kæra á ákvörðun heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra frá 11. september 2013 um að hafna kröfu Sveitahótelsins í Sveinbjarnargerði um að stöðva rekstur alifuglabús Græneggs ehf í Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi.**

Alfreð Schiöth kynnti fyrri afskipti heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefndar vegna ágreiningsmála sem komu upp á sínum tíma á milli hagsmunaaðila í Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi; þar sem m.a. var deilt um fjarlægðarreglu milli gisti- og veitingaþjónustu og alifuglabús. Þá var kynntur úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í umræddu deilumáli og eftirfarandi bókun gerð um málið:

Þann 24. apríl 2015 felldi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þann úrskurð að felld væri úr gildi ákvörðun heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra í Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi.

Úrskurðarnefndin virðist byggja ákvörðun sína m.a. á 10. gr. reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 2013, á grundvelli þeirra lagaheimilda sem voru þá í gildi.

Á þeim tíma sagði í b. lið 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999 að umsóknum skuli fylgja eins og við á hverju sinni og í b lið ákvæðisins segir; afrit af staðfestu deiliskipulagi.

Með reglugerð nr. 117/2014 um breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, var þessu ákvæði breytt og orðast b. liður 2. mgr. 10., gr. nú svo að umsóknum skal fylgja eins og við á hverju sinni og í b. lið segi; afrit af gildandi deiliskipulagi eða gildandi aðalskipulagi sé deiliskipulag ekki til staðar.

Breyting þessi tók gildi 19. febrúar 2014, eða sex mánuðum eftir töku umræddrar kærðrar ákvörðunar.

Ekki verður séð á úrskurðinum að tekin sé afstaða til þessarar málsástæðu heilbrigðisnefndar.

Með vísan til 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 óskar heilbrigðisnefnd eftir endurupptöku á úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 96/2013.

Umsagnir:

1. Skipulagstillaga; breyting á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis í Björk í Mývatnssveit.

Þorkell Björnsson kynnti fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi í Björk í Mývatnssveit og skýrði athugasemdir sem hefur verið komið á framfæri varðandi fráveitumál og kvaðir um hreinsun skólps á svæðinu og mikilvægi þess að gera grein fyrir núverandi ástandi og fyrirhuguðum endurbótum.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Skerjakolla ehf, kt. 560614-0470, Bakkagötu 10, 670 Kópasker. Veitingastaður í flokki II. Umsókn um starfsleyfi til sölu áfengis og veitingu veitinga. Heiti veitingastaðar er Skerjakolla. **Samþykkt.**
2. Stórunúpar ehf kt. 631208-0100, Núpi 671 Kópaskeri. Umsókn um starfsleyfi fyrir sölu gistinga í Lundi, 671 Kópaskeri. Gististaður í flokki II. Heiti gististaðar ert Gistiheimilið Dettifoss. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
3. Benedikt Björgvinsson, kt. 130355-7819, Akurgerði 7, 670 Kópaskeri. Umsókn um starfsleyfi til sölu gistingar í Akurgerði 9 (Mörk Kópaskeri). Gististaður í flokki II. Heiti gististaðar er Kópasker Hostel/ Gistiþjónusta Akurgerði 9. **Samþykkt**
4. Tungulending ehf. kt. 500113-2000, Tungulendingu Tjörnesi. Gististaður í flokki II. Heiti Gististaðar er Tungulending Guesthouse. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
5. D7 ehf, kt. 621206-0260, Skerplugötu 2, 101 Reykjavík, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð í Kaupvangsstræti 19, 01-0202, fnr. 226-0691, 600 Akureyri. Heiti gististaðar er Kaupvangsstræti 19. **Samþykkt.**
6. Marnes ehf, kt. 630210-1270, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúðum 301 og 302 í Skipagötu 5, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
7. Förli ehf, kt. 560712-1110, umsókn um starfsleyfi fyrir gistiheimili, útleigu á íbúðum, kaffihús og morgunverðaraðstöðu að Skipagötu 4 og Skipagötu 2, 600 Akureyri, undir heitinu Accomodation Akureyri. **Samþykkt.**
8. Café Amour ehf, kt. 600700-3590, umsókn um starfsleyfi vegna reksturs á Hótel Hjalteyri,/Luxury Apartments, Hörgársveit, 601 Akureyri. **Samþykkt.**

Önnur mál:

-Skýrt var frá stöðu mála varðandi úrbætur Norðurorku á vatnsveitu sem þjónar Svalbarðsstrandarhreppi; Norðurorka vinnur að því að setja upp tækjabúnað til að sía og lýsa neysluvatn (útfjólublátt ljós) og treysta þannig vatnsgæði og einnig verður boruð ný neysluvatnshola þegar færi gefst í sumar.

-Skýrt var frá skammtíma lagfæringu á siturlögn og síubedda sem þjónar sumarhúsa-hverfi við Kjarnaskóg í Akureyrabæ og fyrirhugaðri endurnýjun og lagfæringum í haust.

-Ákveðið var að halda næsta fund heilbrigðisnefndar þann 24. júní n.k.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00

Pétur Maack Þorsteinsson
formaður

Alfreð Schiöth

Svanhildur Dóra Björgvinsdóttir

Þorkell Björnsson

Hólmfríður G. Jónsdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

María Markúsdóttir

Kristín Halldórsdóttir